

Til: Velferðarnefndar Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um þungunarrof, þingskjal 521 - 393. mál.

Skurðlæknafélag Íslands vill koma á framfæri athugasemdum við ofan nefnt frumvarp, nánar tiltekið 7. greinina sem er eftirfarandi:

7. gr.
Framkvæmd þungunarrofs.

Þungunarrof með lækniáðgerð skal framkvæmt á sjúkrahúsi eða á heilbrigðisstofnun *undir handleiðslu sérfræðings á sviði kvenlækninga*. Þá er heimilt að framkvæma þungunarrof með lyfjagjöf á starfsstöðvum lækna sem landlæknir hefur eftirlit með, sbr. lög um landlækni og lýðheilsu, fram að lokum 12. viku þungunar.


Skurðlæknafélag Íslands telur að það skilyrði að þungunarrof með lækniáðgerð sé gert undir handleiðslu sérfræðings á sviði kvenlækninga sé of þröngt skilgreint. Nú þegar eru gerð þungunarrof með lækniáðgerð á Sjúkrahúsi Ísafjarðar og á Sjúkrahúsinu á Neskaupsstað af almennum skurðlæknum og ef þessi grein myndi standa óbreytt myndi sú þjónusta við fólk á landsbyggðinni leggjast af.

Það geta vissulega komið upp fylgikvillar við slíkar áðgerðir og því er nauðsynlegt að viðkomandi læknir hafi þjálfun og reynslu í kviðarholsaðgerðum og því telur Skurðlæknafélagið rétt að takmarka þetta að einhverju leyti og því eðlilegt væri að framkvæmd þungunarrofs með lækniáðgerð væri takmörkuð við kvensjúkdómalækni eða almennan skurðlækni með þjálfun og reynslu í tæmingu á legu með lækniáðgerð. Greinin gæti þá litið svona út:

7. gr.
Framkvæmd þungunarrofs.

Þungunarrof með lækniáðgerð skal framkvæmt á sjúkrahúsi eða á heilbrigðisstofnun undir handleiðslu sérfræðings á sviði kvenlækninga *eða sérfræðings í almennum skurðlækningum með reynslu og þjálfun í tæmingu á legu*. Þá er heimilt að framkvæma þungunarrof með lyfjagjöf á starfsstöðvum lækna sem landlæknir hefur eftirlit með, sbr. lög um landlækni og lýðheilsu, fram að lokum 12. viku þungunar.

fyrir hönd Skurðlæknafélags Íslands



Geir Tryggvason, formaður
Háls-, nef- og eyrnaskurðlæknir, Landspítala háskólasjúkrahúsi